SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Erindisbréf tómstunda- og menningarmálanefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Tómstunda- og menningarmálanefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin skal hafa forgöngu um að sem best sé leyst úr þeim málaflokkum sem henni er falið samkvæmt. 5. gr. og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þá eftir því sem efni standa til

3. gr.

Í tómstunda- og menningarmálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

4. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

II. Hlutverk nefndarinnar

5. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að fara með íþrótta- og æskulýðsmál, svo og tómstundamál allra aldursflokka í sveitarfélaginu eftir því sem við á.
- Að hafa samstarf við félagsmála- og lögregluyfirvöld um forvarnarmál.
- Að fara með menningarmál og hafa forgöngu um menningaratburði í sveitarfélaginu þ.m.t. að vera framkvæmdanefnd fyrir fjölskylduhátíðir eða aðra sambærilega atburði sem sveitarfélagið stendur fyrir.
- Að annast samskipti við félagasamtök sem undir starfssvið nefndarinnar heyra, í samráði við sveitarstjórn/sveitarstjóra.

6. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

III. Gildistaka

7. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta var staðfest af sveitarstjórn 9. september 2026 og tekur gildi við undirritun. Fellur fyrra erindisbréf úr gildi samhliða.

sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar